

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík - Borgartún 21.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 24. nóvember 1998 samþykkt breytingu á staðfestu deiliskipulagi við Borgartún frá 19. október 1993 hvað varðar lóðina Borgartún 21.

Breytingar: Í stað vöruflutningamiðstöðvar á lóðinni komi skrifstofu- og ráðstefnuhús. Um er að ræða þriggja, fjögurra og fimm hæða hús. Hús Vöruflutningamiðstöðvarinnar verður rífið en skrifstofuhús og geymsluskýli á austurhluta lóðarinnar ásamt skýli meðfram norðurlóðarmörkum munu standa og gert ráð fyrir þriðju hæðinni á skrifstofuhúsið.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi og fellir jafnframt úr gildi áður staðfest deiliskipulag frá 19. október 1993.

Reykjavík, 15. desember 1998.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skiplagsstjóri.

2. desember 1998

Nr. 747

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 319/1995 um neysluvatn.

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi skilgreining sem orðast svo:

Lindarvatn: vatn sem berst sjálfrennandi upp á yfirborð jarðar, í upphaflegu ástandi eða eftir meðhöndlun.

2. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Átappað lindarvatn skal uppfylla þau skilyrði um örverufræðilega þætti, merkingar umbúða og búnað sem notaður er, sem tilgreind eru í 3. tl. 4. gr., 5. gr., 2. og 3. tl. 10. gr., 13. gr. og 14. gr. reglugerðar nr. 390/1995 um ölkelduvatn, með síðari breytingum. Óheimilt er að meðhöndla lindarvatn með öðrum aðferðum en þeim sem tilgreindar eru í 6. gr. reglugerðar nr. 390/1995, með síðari breytingum.

3. gr.

Við 6. gr. bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ef átappað vatn er merkt sem lindarvatn skal það leitt í leiðslu frá uppsprettustað til átöppunarhúsnæðis.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í 26. tl. XII. kafla, II. viðauka, tilskipunar nr. 96/70/EB. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er að selja birgðir af vöru sem framleidd hefur verið og merkt fyrir gildistöku reglugerðar þessarar samkvæmt áður gildandi ákvæðum reglugerðar nr. 319/1995.

Umhverfissráðuneytinu, 2. desember 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 748

15. desember 1998

REGLUGERÐ**um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði.**

1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í lyfjakostnaði sjúkratryggðra samkvæmt reglugerð þessari þegar um er að ræða nauðsynleg lyf sem læknir (tannlæknir) hefur ávísað og afgreidd eru í lyfjabúð eða hjá öðrum þeim sem hefur leyfi til lyfjasölu, samkvæmt lyfjalögum nr. 93/1994 með áorðnum breytingum. Skilyrði er að veitt hafi verið markaðsleyfi fyrir lyfið á Íslandi, sbr. þó 8. gr.

Greiðsla Tryggingastofnunar ríkisins fyrir hverja lyfjaávisun (ordination) skal miðast við mest 100 daga notkun, nema þegar ávísað er á lyf í eftirtöldum ATC-flokkum (lækningaflokkum; Anatomical - Therapeutical - Chemical Classification) en þá miðast greiðslan við mest 30 daga notkun:

- a. Lyf við sársjúkdómi
- b. Sveppalyf til inntöku
- c. Sveppalyf
- d. Veirulyf
- e. Geðdeyfðarlyf

ATC-flokkur

A 02 B
D 01 B
J 02
J 05 AB
N 06 AB

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt í undantekningartilvikum að gefa út skírteini sem heimilar að greiðsluþátttaka sé miðuð við 100 daga notkun þegar ávísað er á lyf í ofangreindum flokkum.

Greiðsla almannatrygginga á lyfjum miðast að hámarki við viðmiðunarverð, þar sem það á við, en annars við gildandi hámarksverð í smásölu. Viðmiðunarverðið er það sama og smásöluhámarksverð ódýrasta samsvarandi lyfs sem lyfjaverðsnefnd gefur út í lyfjaverðskrá á þriggja mánaða fresti.

2. gr.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir að fullu fyrir sjúkratryggðan lyf í eftirtöldum ATC-flokkum sem honum er lífsnauðsyn að nota að staðaldri, enda skulu lyfin auðkennd með „*“ í gildandi lyfjaskrá. Í þeim tilvikum sem smásöluverð þess lyfs sem afgreitt er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur.

- a. Sykursýkilyf
- b. Storkuþættir
- c. Cýpróterón
- d. Blóðsykurhækkandi lyf

ATC-flokkur

A 10
B 02 BD
G 03 HA 01
H 04 A